

HELMIR

V. árgangur

WINNIPEG, 1908.

3. blað.

Heill en ekki hálfur.



OF MARGIR AF ÞEIM, sem frjálslýndi unna í trú-
málum, eru hræddir við að láta það koma greini-
lega í ljós, með því að ganga í lið með þeim, sem
eru að berjast fyrir útbreiðslu frjálslýndisins. Eg
er ykkur samdóma, og eg ann félagsskap ykkar alls
hins bezta gengis, segir margur. En þegar til þess kemur að
vera ákveðinn með, þá eru nógar mótbárur; það sé nú ekki svo
þægilegt fyrir sig; það geri svo sem minst til, þó nafnið manns
sé hvergi, aðalatriðið sé hvaða skoðun maður hafi.

Það er tvent í svona löguðum hugsunarhætti, sem þarf að
athuga. Fyrst, hverskonar áhrif hann er líklegur til að hafa
fyrir þann sem hann hefir, og í öðru lagi áhrif hans á málefnið.

Sá er kallaður slæmur liðsmaður, sem hlífir sér í erviði og
hættum. Fáir vilja vinna að nokkru verki með honum, og
hann má eiga von á því, að sér sé brugðið um hinn ódrengi-
legasta af öllum mannlegum ókostum — bleyðiskap. Að standa
fremstur í fylkingu hefir jafnan þótt sæmdar merki á hverjum
manni, og þeir, sem það hafa gert, hafa æfnlega borið mestan